

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 29/2013

2013/EES/31/28

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/6/ESB frá 14. mars 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð að því er varðar smáeiningar ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0006**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/6/ESB frá 14. mars 2012 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/6/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.